

Hinn 28. janúar 2004 var kveðinn upp í félagsmálaráðuneytinu svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Með erindi, dags. 29. september 2003, kærði A., hér eftir nefndur kærandi, ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur, dags. 14. janúar 2003, að veita honum lausn frá stöðu grunnskólakennara við B-skóla í Reykjavík.

Erindið var sent til umsagnar Reykjavíkurborgar, hér eftir nefnd kærði, með bréfi, dags. 22. október 2003. Ráðuneytinu barst umsögn kærða með bréfi, dags. 6. nóvember 2003, og var hún send til kæranda með bréfi, dags. 11. nóvember 2003. Frekari athugasemdir kæranda bárust ráðuneytinu með bréfi, dags. 25. nóvember 2003.

I. Málavextir

Kærandi lauk kennaraprófi árið 1973 og fékk leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari árið 1987. Kærandi var ráðinn til starfa sem kennari við B-skóla árið 1986. Sinnti kærandi kennslu á yngsta stigi og miðstigi við skólann.

Skólaárið 1993–1994 var kæranda falin kennsla barna á 10. aldursári. Sinnti kærandi kennslu sama bekkjar árið eftir en þá bárust skólastjórnendum athugasemdir frá foreldrum varðandi kennsluáferðir hans. Einnig komu fram athugasemdir frá samkennum kæranda. Vegna þessa var boðað til fundar með kæranda og foreldrum barna í bekknum, þar sem farið var yfir stöðu mála. Í kjölfar fundarins ákvað skólastjóri að nýr kennari skyldi fenginn til að taka við bekknum af kæranda árið eftir.

Haustið 1995 kom kærandi einungis til starfa við upphaf skólaársins, en fór síðan í veikindaleyfi það sem eftir lifði ársins en í ársbyrjun 1996 hóf kærandi aftur kennslu. Haustið 1997 fékk kærandi nýjan bekk til kennslu. Vorið 1998 kallaði skólastjóri kæranda á fund og greindi honum frá athugasemdum foreldra varðandi kennsluáferðir hans.

Kærandi uppfyllti starfsskyldur sínar skólaárið 1997–1998 með störfum í C., en þar eru nemendur í lengdri viðveru. Skólaárið 1998–1999 var kærandi í námsleyfi og lagði hann stund á tölvunám við Iðnskólann í Reykjavík. Að loknu námsleyfi hóf kærandi aftur störf við C. og starfaði einnig nokkuð við tölvur skólans. Skólaárið 2000–2001 starfaði kærandi einnig í C. Var hann auk þess beðinn um að sinna forfallakennslu en baðst undan þeim störfum.

Haustið 2001 urðu skólastjóraskipti í B-skóla. Í ársbyrjun sama ár tók gildi nýr kjarasamningur Kennarasambands Íslands og Reykjavíkurborgar, en samkvæmt samningum máttu kennarar ekki lengur sinna kennsluskyldum sínum í lengdri viðveru. Tilkynnti skólastjóri kæranda að í ljósi hins nýja kjarasamnings væru forsendur þess að kærandi sinnti kennsluskyldu sinni í C. brostnar. Með bréfi, dags. 6. desember 2001, tilkynnti skólastjóri kæranda að í ljósi þessarar stöðu væru tveir kostir í stöðunni, annars vegar að kærandi starfaði í C. og þæði laun samkvæmt kjarasamning Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og kærða eða hins vegar að hann sinnti forfallakennslu. Úr varð að við upphaf árs 2002 tók skólastjóri ákvörðun um að kærandi sinnti forfallakennslu út skólaárið.

Alvarlegar athugasemdir voru gerðar við forfallakennslu kæranda síðari hluta skólaársins 2002–2003. Lutu þær aðallega að kennsluháttum hans og agaskorti í kennslustundum. Meðal athugasemda voru að kærandi hefði ekki fylgt leiðbeiningum skólans um ýmis atriði, svo sem að leyfa ekki háreysti nemenda, leyfa nemendum ekki að hafa fætur upp á borðum, leyfa nemendum ekki vera á netinu í tölvum nema námskrá bjóði, leyfa nemendum ekki að vera inni í frímínútum og ekki gefa leyfi til heimferðar. Þann 10. mars 2002 boðaði skólastjóri til fundar með kæranda þar sem ræða átti ávirðingar á hendur honum en kærandi mætti ekki til fundarins.

Í ágúst 2002 bauð skólastjóri kæranda að hefja aftur störf í C. á sambærilegum launum. Þessu hafnaði kærandi á þeim forsendum að um væri að ræða viðleitni til að bola honum frá störfum. Síðar í sama mánuði voru enn settar fram ávirðingar á hendur kæranda vegna agaleysis í kennslu. Í byrjun september 2002 óskaði skólastjóri eftir fundi með kæranda en neitaði hann þá að funda með skólastjóra. Sambærilegar ávirðingar og áður er getið voru einnig settar fram í september 2002.

Þann 25. september 2002 afhenti skólastjóri kæranda áminningarbréf og kynnti honum efni þess að viðstöddum vottum. Vék kærandi af vinnustaðnum og sinnti ekki kennslu það sem eftir var dagsins.

Í kjölfar ávirðinga í byrjun október 2002 um að kærandi hafi neitað að taka að sér forfallakennslu reyndi skólastjóri að afhenda kæranda bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 8. október 2002, um lausn frá störfum um stundarsakir. Kærandi neitaði að taka við bréfinu. Kærandi var í skólanum þennan dag en mætti ekki til vinnu eftir það.

Með bréfi, dags. 23. október 2002, var skipuð nefnd kunnáttumanna á grundvelli 8. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur skólastjórnaenda grunnskóla, sem ætlað var það hlutverk að kanna hvort rétt væri að veita kæranda lausn að fullu eða láta hann taka við starfi að nýju. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að veita kæranda lausn um stundarsakir úr stöðu grunnskólakennara við B-skóla.

II. Málsástæður kæranda

Kærandi krefst þess að ákvörðun kærða, dags. 14. janúar 2003, um að leysa hann frá störfum sem grunnskólakennari verði felld úr gildi.

Í kæru er því haldið fram að réttarstaða kæranda ráðist ekki af lögum nr. 72/1996, en samkvæmt eldri lögum hafi engin heimild verið til að leysa ráðherraskipaðan kennara frá störfum með þeim hætti sem gert hafi verið.

Kærandi mótmælir fullyrðingum þeim sem koma fram í nefndaráliti kunnáttumanna, dags. 11. janúar 2003, og í lausnarbréfi borgarstjóra, dags. 14. janúar 2003, varðandi störf hans. Heldur hann því fram að hann hafi að öllu leyti farið eftir fyrirmælum skólastjórnaenda B-skóla um að halda uppi aga í kennslu. Þá mótmælir hann einnig fullyrðingum um að hann hafi ekki sinnt þeim verkefnum sem honum hafi verið falin, m.a. forfallakennslu. Í þessu sambandi bendir kærandi þó á að hann hafi aldrei verið starfandi forfallakennari við neinn skóla og aldrei skráður á vinnuskýrslu sem slíkur. Kærandi segist aldrei hafa vikist undan því sem skólastjóri eða aðrir yfirmenn í hans umboði hafi farið fram á. Heldur kærandi því fram að hann hafi verið lagður í einelti og skólastjórnaendur gert að honum skipulagða aðför í þeim tilgangi að koma honum úr starfi.

Þá heldur kærandi því fram að meintar ávirðingar gegn honum réttlæti ekki brottvikningu hans úr starfi, þó þær væru réttar.

Einnig bendir kærandi á að samkvæmt skipunarbréfi sé hann skipaður grunnskólakennari við grunnskóla Reykjavíkur, en ekki sérstaklega við B-skóla. Af þeim sökum hafi fræðslustjóra grunnskóla Reykjavíkur borið að leysa málið með því að fá honum starfsvettvang við annan grunnskóla í Reykjavík. Hann hafi hins vegar vanrækt þá skyldu sína.

Kærandi heldur því fram að annmarkar hafi verið á málsmeðferð nefndar kunnáttumanna á grundvelli 8. gr. laga nr. 72/1996, þar sem hann hafi ekki fengið að tjá sig um málið. Þá hafi álit nefndarinnar verið unnið í miklum flýti.

Kærandi mótmælir þeirri forsendu í álit nefndar kunnáttumanna að skólastjóri hafi fundað með kæranda 12. mars 2002 um ávirðingar þær sem komið hefðu fram á hendur honum. Skólastjóri hafi hins vegar um þetta leyti hellt sér yfir hann vegna uppnáms sem skapast hefði í forfallakennslu hans vegna athafna stuðningsfulltrúa í bekknum. Þá neitar kærandi fullyrðingum um að reynt hafi verið að afhenda honum fundarboð en heldur því fram að skólastjóri hafi reynt að ráðast á hann. Þá mótmælir hann einnig að honum hafi verið afhent áminningarbréf. Einnig hafnar kærandi að reynt hafi verið neyta til vægari úrræða áður en gripið var til brottvikningar hans um stundarsakir.

III. Málsástæður kærða

Kærði krefst þess aðallega að stjórnslukærinni verði vísað frá ráðuneytinu.

Byggir kærði frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á að skv. 9. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, fari menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra málefna sem löggin taki til. Kærði bendir á að málið varði grunnskólastarfsemi Reykjavíkurborgar sem lúti yfirstjórn menntamálaráðherra. Félagsmálaráðuneytinu sé því óheimilt að taka erindi kæranda til meðferðar vegna valdþurrðar.

Kærði byggir í öðru lagi á því að samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, sé þeim sem vikið er úr stöðu rétt að bera málið undir úrlausn dómstóla. Telur kærði að skýra beri ákvæðið á þann veg að ákvörðun um brottvikningu úr starfi verði ekki borin undir æðra sett stjórnvald, heldur einungis undir dómstóla.

Í þriðja lagi byggir kærandi frávísunarkröfu sína á því að þriggja mánaða kærufrestur skv. 27. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, hafi verið liðinn þegar kæran barst ráðuneytinu. Ákvörðun um lausn kæranda frá störfum hafi verið tilkynnt kæranda með bréfi, dags. 14. janúar 2003, og kærufrestur því runnið út 14. apríl 2003. Í því sambandi bendir kærði einnig á að í niðurlagi bréfs borgarstjóra hafi kæranda verið leiðbeint um málskot til dómstóla.

Til vara krefst kærði þess að kröfum kæranda verði hafnað.

Kærði bendir á að 23. október 2002 hafi verið skipuð nefnd kunnáttumanna sem haft hafi það hlutverk að upplýsa hvort rétt hafi verið að veita kæranda lausn um stundarsakir. Nefndin hafi skilað álitserð sinni 11. janúar 2003 og komist að þeirri niðurstöðu að rétt hafi verið að veita kæranda lausn um stundarsakir.

Kærði bendir á að nefndin hafi talið upplýst að kærandi hafi ítrekað sýnt af sér vanrækslu í starfi við forfallakennslu. Hann hafi ekki hlýtt löglegum boðum skólastjóra um að halda uppi aga og sinna þeim kennslustörfum sem honum hafi verið falin. Einnig hafi hann ítrekað vikist undan því að sinna þeirri forfallakennslu sem honum hafi verið falin.

Varðandi málsmeðferð við lausn kæranda frá störfum bendir kærði á að fyrrnefnd nefnd kunnáttumanna hafi talið að formlegur aðdragandi lausnar kæranda um stundarsakir hafi verið

fullnægjandi. Nefndin hafi talið að kærandi hafi ítrekað átt þess kost að gæta andmælaréttar síns. Þá hafi kæranda verið kynnt efni áminningarbréfs, dags. 24. september 2002, þótt hann hafi neitað viðtöku þess. Kærði bendir líka á að nefndin hafi talið að gætt hafi verið meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, við meðferð málsins.

Að lokum mótmælir kærði þeirri málsástæðu kæranda að hann sé ráðherraskipaður og að staða hans sem grunnskólakennara falli af þeirri ástæðu ekki undir lög nr. 72/1996, um réttindi og skyldur skólastjórnenda grunnskóla. Með lögum nr. 66/1995 hafi sveitarfélögum verið falinn rekstur grunnskóla. Við gildistöku þeirra laga hafi skólastjórnendur og kennarar því orðið starfsmenn sveitarfélaga. Kærði bendir einnig á að í 1. gr. laga nr. 72/1996 segi að lögin taki til hvers kennara og skólastjórnanda við grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga á föstum launum meðan hann gegni starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Jafnframt sé tekið fram í lögskýringargögnum að lögin gildi um kennara sem skipaðir hafi verið á grundvelli eldri laga um grunnskóla. Samkvæmt meginreglu stjórnsýsluréttar skuli sama stjórnvald og skipar í starf veita lausn frá störfum. Á sveitarstjórnarstigi sé borgarráð sambærilegt stjórnvald og menntamálaráðherra áður. Því hafi borgarráð verið réttur aðili til að taka ákvörðun um lausn kæranda frá störfum.

IV. Niðurstaða ráðuneytisins

A. Um frávísunarkröfu kærða

Kærði byggir frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að skv. 9. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995, heyrir úrlausn málsins undir menntamálaráðuneytið. Í öðru lagi heldur kærði því fram að skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, verði ágreiningi um lausn kennara frá störfum ekki skotið til félagsmálaráðuneytisins heldur eingöngu til dómstóla. Í þriðja lagi byggir kærði á því að kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sé liðinn.

Samkvæmt 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, skal félagsmálaráðuneyti úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna. Í úrskurði ráðuneytisins frá 6. október 2003, er varðaði niðurgreiðslu skólamáltíða í grunnskóla kærða, komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að skýra bæri kæruehimild 103. gr. laga nr. 45/1998 á þann veg að hún tæki til málefna grunnskóla að því leyti sem þau væru ekki undanskilin úrskurðarvaldi ráðuneytisins með lögum. Var sú niðurstaða ráðuneytisins m.a. byggð á því að rekstur grunnskóla væri lögbundið verkefni sveitarfélaga skv. 1. gr. grunnskólalaga, nr. 66/1995.

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, er kveðið á um að þeim er falla undir gildissvið laganna og vikið er úr stöðu kennara eða skólastjórnanda sé rétt að bera málið undir úrlausn dómstóla. Verður því að taka það til skoðunar hvort að með umræddu ákvæði sé vikið frá þeirri meginreglu 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, að ákvarðanir sveitarstjórna og stofnana þeirra verði kærðar til ráðuneytisins. Í lögskýringargögnum með lögum nr. 72/1996 er ekki að finna vísbendingar um að það hafi verið ætlan löggjafans að takmarka málskotsrétt vegna lausnar úr starfi kennara eða skólastjórnanda við málskot til dómstóla. Þá verður ekki að mati ráðuneytisins annað ráðið af orðalaginu „rétt að bera málið undir dómstóla“ en að um sé að ræða ítrekun á almennri heimild borgaranna til að leita úrlausnar dómstóla um málsmeðferð stjórnvalda.

Um kærufresti til ráðuneytisins gildir meginregla 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en samkvæmt ákvæðinu skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt stjórnsýsluákvörðun, nema lög mæli á annan veg. Í 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. sömu laga er sett fram sú undantekningarregla að heimilt sé að taka kæru til meðferðar að loknum kærufresti ef telja má afsakanlegt að kæran hafi ekki borist fyrr. Meðal þeirra tilvika sem fallið geta undir ákvæðið er þegar ekki hafa verið veittar leiðbeiningar um kæruleiðir og kærufresti. Með bréfi borgarstjóra, dags. 14.

janúar 2003, var kæranda veitt lausn frá störfum grunnskólakennara að undangenginni lausn um stundarsakir. Óumdeilt er að í umræddu bréfi var kæranda ekki leiðbeint um kærueimild til félagsmálaráðuneytisins skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga. Kæranda var hins vegar leiðbeint um málskot til dómstóla skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 72/1996. Stjórnsýslukæra kæranda er dagsett 29. september 2003, eða rúmum fimm mánuðum eftir að kærufrestur skv. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, rann út. Í ljósi þess að í bréfi borgarstjóra var ekki að finna leiðbeiningar um kærueimild til ráðuneytisins verður að telja að 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga eigi við í málinu og beri því að víkja frá meginreglu 27. gr. sömu laga um þriggja mánaða kærufrest.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að hafna beri frávísunarkröfu kærða og mun ráðuneytið því taka málið til efnislegrar meðferðar.

B. Um lögmæti hinnar kæru ákvörðunar

Með grunnskólalögum, nr. 66/1995, var rekstur grunnskóla færður frá ríki til sveitarfélaga. Samkvæmt 57. gr. laganna skyldu þau koma til framkvæmda m.a. að því gefnu að lög yrðu sett um ráðningarréttindi kennara og skólastjórna sem tryggðu þeim efnislega óbreytt ráðningarréttindi hjá nýjum vinnuveitanda. Slík lög voru sett með lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórna grunnskóla. Samkvæmt 1. gr. laganna taka þau til hvers kennara og skólastjórna í grunnskóla í þjónustu sveitarfélags á föstum launum, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Kærandi var með bréfi menntamálaráðherra skipaður grunnskólakennari árið 1987 með vísan til þágildandi grunnskólalaga nr. 63/1974. Starfaði hann frá þeim tíma við B-skóla sem kennari í fullu starfi. Á þeim tíma sem lög nr. 66/1995 tóku gildi starfaði kærandi sem grunnskólakennari við B-skóla og telst hann því starfsmaður Reykjavíkurborgar. Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið verður því ekki annað séð en að réttarstaða kæranda fari eftir lögum nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórna.

Um lausn kennara og skólastjórna, sem falla undir lög nr. 72/1996, er fjallað í III. kafla laganna. Í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1996 eru taldar upp þær ástæður sem réttlætt geta lausn úr starfi en þar segir að rétt sé að veita starfsmanni lausn um stundarsakir ef hann hafi í starfi sínu sýnt óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmleg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.

Í III. kafla laga nr. 72/1996 er jafnframt kveðið á um sérstaka málsmeðferð við lausn kennara og skólastjórna frá störfum. Samkvæmt 1. mgr. laganna, sbr. 4. mgr. 7. gr., skal í upphafi veita viðkomandi starfsmanni skriflega og rökstudda lausn frá störfum um stundarsakir. Það er þó gert að skilyrði að starfsmanni hafi áður verið veitt áminning og honum gefið tækifæri til að bæta ráð sitt, sbr. 2. mgr. 7. gr. Sé starfsmanni veitt lausn um stundarsakir er í 8. gr. laganna kveðið á um að mál hans skuli þá þegar rannsakað af kunnáttumönnum eða að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði hvort rétt sé að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu. Skulu úrslit um stöðuna ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 72/1996 skal sveitarstjórn veita starfsmanni skriflega lausn úr stöðu, ef atvik máls og niðurstaða kunnáttumanna gefa tilefni til, og skal ákvörðunin vera rökstudd.

Þar sem málsmeðferðarreglum laga nr. 72/1996 sleppir gilda almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og óskráðar meginreglur stjórnsýsluréttar.

Áður en lengra er haldið verður að mati ráðuneytisins að taka afstöðu til þess hversu víðtækt vald ráðuneytið hefur á grundvelli 103. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, til að endurskoða málsmeðferð og efnislega niðurstöðu nefndar kunnáttumanna sem skipuð var á grundvelli 8. gr. laga nr. 72/1996. Það er almennt viðurkennt að úrskurðarvald ráðuneytisins nái aðeins til formlegrar hliðar stjórnsluákvörðunar sveitarfélags eða stofnunar þess, svo sem hvort ákvörðunin samrýmist ákvæðum stjórnslulaga, nr. 37/1993, og óskráðum meginreglum stjórnsluréttar, en ekki efnisinnihalds hennar, þ.e. þess hlutar hennar sem byggist á frjálsum mati, enda byggist það mat á málefnalegum sjónarmiðum.

Aðila málsins greinir í verulegum atriðum á um aðdraganda lausnar kæranda um stundarsakir. Mótmælir kærandi fullyrðingum kærða og nefndar kunnáttumanna um að rætt hafi verið við hann um ávirðingar í garð hans, að reynt hafi verið að afhenda honum fundarboð þann 10. mars 2002 og að reynt hafi verið að boða hann til fundar þann 3. september 2002. Jafnframt mótmælir kærandi því að reynt hafi verið að afhenda honum áminningarbréf þann 25. september 2002, og efni þess hafi verið kynnt fyrir honum og verið honum ljóst. Í álitserð nefndar kunnáttumanna kemur hins vegar fram að kærandi hafi fallist á að reynt hafi verið að boða hann til fundar í umrædd tvö skipti. Þá kemur fram í álitserðinni að kærandi hafi ekki neitað því fyrir nefndinni að efni áminningarinnar hafi verið honum ljóst en talið að illa hafi verið að veitingu hennar staðið. Að mati ráðuneytisins hefur ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að álitserð nefndar kunnáttumanna sé byggð á röngum forsendum og þar af leiðandi að málsmeðferð við lausn kæranda um stundarsakir hafi verið ófullnægjandi. Í ljósi þess ber að fallast á það með nefndinni að formlegur aðdragandi lausnar um stundarsakir hafi verið fullnægjandi.

Í málinu liggur fyrir að kæranda var veitt lausn um stundarsakir með bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 8. október 2002. Með bréfi, dags. 23. október 2002, var skipuð nefnd kunnáttumanna, sbr. 8. gr. laga nr. 72/1996, til að rannsaka hvort rétt hafi verið að víkja kæranda frá störfum um stundarsakir. Skilaði nefndin álitserð sinni 11. janúar 2003. Af gögnum málsins verður ráðið að kæranda var tilkynnt um skipun nefndarinnar með bréfi, dags. 4. nóvember 2002, auk þess sem honum var sent afrit af bréfi til kærða þar sem óskað var eftir öllum gögnum málsins. Tók nefndin skýrslu af kæranda þann 12. nóvember 2002. Með bréfi, dags. 18. nóvember 2002, voru gögn málsins send kæranda. Einnig liggur fyrir að teknar voru skýrslur af D, fyrrverandi skólustjóra B-skóla, E, núverandi skólustjóra, F aðstoðarskólustjóra og G deildarstjóra. Auk þess var rætt símleiðis við H eftir ábendingu frá kæranda. Í álitserð nefndarinnar kemur fram að kæranda hafi að loknum skýrslutökum verið gefinn kostur á að tjá sig frekar um málið. Þrátt fyrir mótmæli kæranda um réttmæti þessarar fullyrðingar verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að kærandi hafi átt þess kost að nýta sér andmælarétt sinn á þessu stigi. Að þessu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins verður að mati ráðuneytisins ekki séð að ástæða sé til að gera athugasemdir við málsmeðferð nefndar kunnáttumanna sem skipuð var á grundvelli 8. gr. laga nr. 72/1996.

Kæranda var veitt lausn að fullu úr starfi grunnskólakennara með bréfi borgarstjóra, dags. 14. janúar 2003, m.a. á grundvelli álitserðar nefndar kunnáttumanna, dags. 11. janúar 2003. Eins og áður segir veitir sveitarstjórn lausn úr stöðu skv. 10. gr. laga nr. 72/1996 og verður því að fallast á þá málsástæðu kærða að borgarráð hafi verið réttur aðili til að veita kæranda lausn úr stöðu sinni í umboði borgarstjórnar. Í bréfi borgarstjóra er ákvörðun um lausn kæranda úr starfi rökstudd með vísan til niðurstöðu nefndar kunnáttumanna, sbr. 8. gr. laga nr. 72/1996. Verður því ekki annað séð en að formhlið hinnar kærðu ákvörðunar hafi verið fullnægjandi.

Aðila málsins greinir einnig í verulegum atriðum á um hvort þær ávirðingar sem voru grundvöllur lausnar kæranda úr starfi grunnskólakennara eigi við rök að styðjast. Í álitserð nefndar kunnáttumanna, dags. 11. janúar 2003, sem byggt er á í lausnarbréfi borgarstjóra, dags. 14. janúar 2003, kemur fram að kærandi hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi sínu við forfallakennslu sem honum

hafi verið falin. Hann hafi ekki hlýtt löglegum boðum skólastjóra um að halda uppi aga og sinna þeim kennslustörfum sem honum hafi verið falin. Þá hafi hann vikið sér undan því að sinna forfallakennslu sem honum hafi verið falin, án þess að fyrir því hafi verið réttmætar ástæður. Þá taldi nefndin sýnt að kærandi hafi sýnt óvandvirkni í starfi sínu.

Að mati ráðuneytisins verður ekki annað séð en að umræddar forsendur nefndarinnar teljist málefnalegar, m.a. með hliðsjón af 2. mgr. 7. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda, og meginreglum vinnu- og opinbers starfsmannaréttar um hlýðni- og vinnuskyldu starfsmanns. Hvað varðar sönnun um einstök atvik og sannleiksgildi þeirra ávirðinga sem bornar hafa verið á kæranda telur ráðuneytið að ekki hafi verið sýnt fram á það, svo sem með nýjum gögnum eða upplýsingum, að sú atburðarás sem lýst er í álitgerð nefndar kunnáttumanna og byggir m.a. á framburði vitna, sé röng. Þá styðja gögn málsins ekki staðhæfingar kæranda hvað þetta varðar. Í ljósi þessa telur ráðuneytið ekki unnt að fallast á þá málsástæðu kæranda að umræddar ávirðingar hafi verið ósannar og órökstuddar

Af öllu því virtu sem að framan er rakið og þeim forsendum sem lausn kæranda byggir á er það niðurstaða ráðuneytisins að ákvörðun kærða um lausn kæranda úr starfi grunnskólakennara sé gild og þar af leiðandi beri að hafna kröfu hans um að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Afgreiðsla málsins hefur dregist vegna anna í ráðuneytinu.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Ákvörðun Reykjavíkurborgar, dags. 14. janúar 2003, um að víkja A. úr stöðu grunnskólakennara við B-skóla í Reykjavík er gild.

F. h. r.

Guðjón Bragason (sign.)

Guðmundur Ómar Hafsteinsson (sign.)